

Frístundamiðstöðin Brúin

Starfsáætlun 2025-2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Skipurit.....	4
Hlutverk/leiðarljós/gildi.....	5
Stutt greinargerð um starfið á síðasta ári	6
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar	8
<i>Frístundastarfið - allir starfstaðir Brúarinnar</i>	8
<i>Frístundastarfið - unglingasvið</i>	9
<i>Frístundastarfið - barnasvið</i>	11
Áskoranir, markmið og aðgerðir.....	12
<i>Frístundastarfið – unglingastarf 2025-2026</i>	12
<i>Frístundastarfið – barnasvið 2025-2026</i>	13
<i>Frístundamiðstöðin í heild 2025-2026</i>	15
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins.....	16
Samstarf	17
Jafnréttisáætlun	18

Inngangur

Frístundamiðstöðvar skóla- og frístundasviðs (SFS) starfa eftir Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun. Frístundamiðstöðvarnar vinna jafnframt út frá Stefnu um frístundapjónustu í Reykjavík, en leiðarljós hennar er að Reykjavíkurborg bjóði upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundapjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags. [Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS \(2015\)](#) er svo kjölfesta þess starfs sem fram fer á vegum frístundamiðstöðva og skipar veigamikinn sess, ásamt starfsáætlun ár hvert, við framkvæmd og skipulag frístundastarfs fyrir börn og unglinga í Reykjavík. Til viðbótar við þessi stefnuskjöl sem frístundamiðstöðvarnar vinna eftir er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglinga í hverfinu.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera starf frístundamiðstöðva markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf frístundamiðstöðvarinnar gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni.

Starfsáætlunin gildir frá 1. september 2025 og gildir til 31. ágúst 2026. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar gera aðgerðaráætlanir fyrir starfsárið í samræmi við starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar.


Frístundamiðstöðin Brúin stendur fyrir viðamiklu frístundastarfi fyrir börn og unglinga á aldrinum 6 – 16 ára í Grafarvogi, Árbæ, Norðlingaholti, Grafarholti og Úlfarsárdal. Undir Brúna heyra tíu frístundaheimili fyrir börn á aldrinum sex til níu ára og níu félagsmiðstöðvar fyrir 10-16 ára aldurshópinn, þar af ein félagsmiðstöð með sértækt starf. Á starfsstöðum Brúarinnar starfa um 240 starfsmenn. Á skrifstofu Brúarinnar fer fram miðlæg þjónusta til starfsstaðanna, mat og eftirlit með starfseminni, samræming og samstarf eininganna, utanumhald um fjármál, rekstur og húsnæði auk mannauðs- og launaumsýslu. Skrifstofa Brúarinnar er staðsett í Austurmiðstöð.

Starfsáætlun Brúarinnar tekur mið af starfsskrá frístundamiðstöðva SFS, Menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030 og Stefnu um frístundapjónustu í Reykjavík til ársins 2025. Einnig er unnið eftir niðurstöðum um þátttöku í starfinu, viðhorfskannanna og rannsókna á stöðu barna og unglinga auk viðhorfskannanna meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar.



Vinna við gerð starfsáætlana er í höndum starfsfólks og stjórnenda frístundamiðstöðvarinnar. Samhliða gera allir starfsstaðir frístundamiðstöðvarinnar áætlanir þar sem teknar eru fyrir áherslur hvers starfsstaðar fyrir sig.

Skipurit



Hlutverk/leiðarljós/gildi

Í Starfsskrá frístundamiðstöðva er hlutverk frístundamiðstöðva rammað inn með leiðarljósi, uppeldisgildi og lykilfærni í frístundastarfi sem eru eftirfarandi:

Leiðarljós í frístundastarfi

Virk þátttaka – Reynslunám – Lýðræði – Mannréttindi – Forvarnarstarf

Uppeldisgildi frístundastarfs

Forvarnargildi – Menntunargildi – Afþreyingargildi

Lykilfærni í frístundastarfi

Sjálfsmynd – Umhyggja – Félagsfærni – Virkni og þátttaka

Hlutverk Brúarinnar

- Stuðla að félagslegri velferð og að þjónustan sé farvegur óformlegrar menntunar, menningar, uppeldis og lýðræðislegrar þátttöku.
- Stuðla að umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
- Bjóða upp á aðstöðu til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi sem tekur mið af aldri þeirra og þroska.
- Bjóða íbúum í borgarhlutanum upp á félags- og tómstundastarf sem hefur forvarnar-, menntunar- og afþreyingargildi.
- Efla félagsauð með því að stuðla að heilbrigði og félagslegri þátttöku hverfisbúa í frístundastarfi.

Áherslur Brúarinnar

- Leggjum áherslu á að skapa góða liðsheild.
- Hrósum og hvetjum alla til að gera sitt besta.
- Temjum okkur jákvætt hugarfar.
- Lærum í gegnum leik og gerum daginn eftirminnilegan.
- Berum virðingu og sýnum umburðarlyndi gagnvart ólíkum skoðunum og viðhorfum.
- Verum opin fyrir nýjungum og tilbúin í breytingar.
- Leggjum áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð í leik og starfi.
- Fögnum margbreytileika og komum til móts við ólíkar þarfir og áhugasvið einstaklinga og hópa.
- Erum fyrirmyndir og leggjum okkur fram við að vera besta útgáfan af okkur sjálfum.
- Sýnum frumkvæði, setjum okkur markmið og leitum stöðugt leiða til að þróa hæfni okkar og þekkingu.
- Leggjum áherslu á traust og samvinnu og erum heiðarleg í samskiptum.



Stutt greinargerð um starfið á síðasta ári

Starf Brúarinnar á síðasta ári gekk ljómandi vel og heilt yfir hækkuðu starfsstaðir Brúarinnar á nær öllum þáttum í viðhorfskönnun starfsmanna, Stofnun ársins 2024. Félagsmiðstöðin Sigyn var í fyrsta sæti sem stofnun ársins, með flest stig í könnuninni. Vinnustaðurinn einkennist af mikilli starfsánægju og frábærum starfsanda. Félagsmiðstöðin Fjörgyn var í þriðja sæti og hlaut titilinn fyrirmyndarstarfsstaður í Stofnun ársins. Starfsfólk félagsmiðstöðva og frístundaheimila í Brúnni röðuðu sér almennt ofarlega í könnuninni og erum við afar stolt af því.

Innleiðing Heillaspora hélt áfram og var áherslan á greiningu á starfseminni. Í ágúst 2025 var gefin út skýrslan „Veruleikinn í frístundaheimilinu Tígrishæ“ sem er samantekt á rýnivíðtali við stjórnendur og spurningakönnunum sem lagðar voru fyrir starfsfólk og börn á vormisseri 2025. Forstöðumaður Tígrishæjar og deildarstjóri barnastarfs sóttu stefnumót Heillaspora á vorönn 2025 en þar komu saman aðilar víða af landinu sem taka þátt í verkefninu.

Starfsdagur fyrir stjórnendur og starfsfólk í fullu starfi var haldinn í maí 2025 við Elliðavatn. Áhersla var á útivist, Jakob Frímann Þorsteinsson flutti erindi um breytingar á tíma sem börn verja til útivistar.

Samstarfið innan Austurmiðstöðvar, innleiðing á farsældarlögunum og verkefnið Betri borg fyrir börn gengur vel. Í mars 2025 var haldin vinnustofa þar sem skrifað var undir Samstarfsyfirlýsingu um börn í viðkvæmri stöðu. Að verkefninu standa Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, skóla- og frístundarþjónusta og deild barna og fjölskyldna í Austurmiðstöð, Barnaverndarþjónusta Reykjavíkur, Borgarholtsskóli og íþróttafélögin Fram, Fjölur og Fylkir. Með yfirlýsingunni hafa þessir aðilar ákveðið að vinna saman til að stuðla að farsæld fyrir börn sem eru í viðkvæmri stöðu.

Unnið var að því að skýra verklag um skráningu og tilkynningar vegna slysa– og tjónamála á starfsstöðum Brúarinnar. Sett var upp verklagsskjal með hlekkjum á viðeigandi skjöl sem stjórnendur geta fylgt á einfaldan hátt vegna slysa starfsfólks og þjónustuþega og einnig ef tjón verður á eignum starfsstaðarins, starfsfólks eða þjónustuþega. Verklag vegna símareglna og farsímakaupa var einfaldað og sett upp í verklagsskjal með hlekkjum og upplýsingum þar sem stjórnendur geta fengið allar upplýsingar og leiðbeiningar á einum stað. Öryggisnefnd var sett á laggirnar sem hefur það hlutverk að leiða öryggisstarf og halda utan um gerð áhættumats á öllum starfsstöðum Brúarinnar.

Frístundaheimilið Stjórnuland í Ingunnarskóla flutti milli rýma og hefur nú aðstöðu í miðju skólans og rými milli 1. og 2. bekkja stofa. Eldhúsinnrétting kláraðist í september 2025 og bætti til muna aðstöðu til undirbúnings síðdegishressingar.



Frístundaheimilið Fjósið við Sæmundarskóla flutti að hluta til í rými í skólabyggingunni þar sem starfsemi fyrir yngri börn fer fram auk þess sem þar er skrifstofa stjórnenda frístundaheimilisins. Fimm lausar kennslustofur voru fluttar burt en þrjár eru eftir og þar er starfsemin fyrir eldri börnin í Fjósinu. Tilraun er í gangi með að starfsfólk í eldhúsi Sæmundarskóla sér um framreiðslu síðdegishressingar fyrir frístundaheimilið Fjósið.

Í febrúar 2025 voru haldnar vinnusmiðjur fyrir unglinga- og nemendaráð í skólunum- og félagsmiðstöðvunum. Smiðjurnar byggðust upp á aðferðarfræði samfélagslegrar nýsköpunar þar sem allir þátttakendur fá rödd og tækifæri til að taka þátt í samtali og samsköpun hugmynda. Dagskrá skiptist í stutt innlegg og verkefni sem stjórnendur félagsmiðstöðva sáu um.



Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar

Frístundastarfið - allir starfsstaðir Brúarinnar

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar) Skali könnunarinnar er frá 1-5
Þættir í starfsumhverfinu þ.e. trúverðugleiki stjórnenda, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í starfi, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægju og stolt og jafnrétti.	Viðhorfskönnunin Stofnun ársins 2024 send á Reykjavíkurnetföng starfsmanna	Starfsfólk starfsstaða Brúarinnar	Heildareinkunn 4,59 – var 4,51 2023 Jafnrétti 4,76 - var 4,76 2023 Stjórnun 4,84 – var 4,73 2023 Ímynd stofnunar 4,68 – var 4,58 2023 Starfsandi 4,63 – var 4,63 2023 Ánægja og stolt 4,80 – var 4,61 2023 Sveigjanleiki í vinnu 4,65 – var 4,58 2023 Sjálfstæði í starfi 4,70 – var 4,61 2023 Vinnuskilyrði 4,25 – var 4,14 2023 Launakjör 3,60 – var 3,60 2023 Ánægja með niðurstöður en farið verður í að skoða vinnuskilyrði allra starfsstaða með áherslu á líkamsbeitingu.

Frístundastarfið - unglingasvið

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Einmannaleiki, depurð, hreyfing, reykingar og drykkja.	Könnunin Íslenskar æskulýðsrannsóknir lögð fyrir 4. til 10. bekk í skólum landsins á vorönn 2025. Hægt að skoða niðurstöður niður á póstnúmer. Hér skoðað fyrir 110, sem er Árbær og Norðlingaholt, 112 sem er Grafarvogur og 113 sem er Grafarholt og Úlfarsárdalur.	Börn og unglingar í skólum landsins	Samantekt ÍÆ barna og unglinga 8.-10. bekkur í póstnúmerum 110, 112 og 113. 110 -Fundist vera einmana síðustu 12 mán. - Stelpur: 8% Strákar: 8% -Síðustu sjö daga verið döpur/dapur. - Stelpur: 45% Strákar: 16% -Hafa stundað hreyfingu í 60 mín á síðustu 7 dögum. - Stelpur: 8% Strákar: 21% -Hafa reykt sígarettur síðustu 30 daga? - Stelpur: 8% Strákar: 5% -Hafa drukkið síðustu 30 daga? - Stelpur: 5% Strákar: 6% -Þátttaka í félagsmiðstöð - Stelpur: 55% Strákar: 56% 112: -Fundist vera einmana síðustu 12 mán. - Stelpur: 12,3% Strákar: 8,6% -Síðustu sjö daga verið döpur/dapur. - Stelpur: 57,3% Strákar: 22,6% -Hafa stundað hreyfingu í 60mín á síðustu 7 dögum. - Stelpur: 24% Strákar: 20% -Hafa reykt sígarettur síðustu 30 daga? - Stelpur: 11% Strákar: 5,6% -Hafa drukkið síðustu 30 daga? - Stelpur: 9% Strákar: 7% - Þátttaka í félagsmiðstöð - Stelpur: 63,3% Strákar: 46% 113: -Fundist vera einmana síðustu 12 mán.



Hvort starfsstaðir séu að nota gátlista um heilsueflandi félagsmiðstöðvar	Spurningavagn, spurningakönnun sem er sendur á forstöðumenn félagsmiðstöðva.	Forstöðumenn félagsmiðstöðva.	Stelpur: 10,6% Strákar: 9,6% -Síðustu sjö daga verið döpur/dapur. Stelpur: 37,3% Strákar: 18,6% -Hefur stundað hreyfingu í 60mín á síðustu 7 dögum. Stelpur: 15,6% Strákar: 26,3% -Hafa reykt sígarettur síðustu 30 daga? Stelpur: 5% Strákar: 7% -Hafa drukkið síðustu 30 daga? Stelpur: 3,3% Strákar: 4,6% - Þátttaka í félagsmiðstöð Stelpur: 59,6% Strákar: 50,3% Teljum helstu áskorunina hér vera að í öllum hverfum okkar má sjá að 37-57% af stúlkum hafa fundið fyrir depurð á síðustu 7 dögum. Aðeins þrjár af 10 félagsmiðstöðvum segjast vinna gátlista um heilsueflandi félagsmiðstöð.
---	--	-------------------------------	--

Frístundastarfið - barnasvið

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Hvort starfsstaðir séu að nota gátlista um heilsuefandi frístundaheimili	Spurningavagn, spurningakönnun sem er sendur á forstöðumenn frístundaheimila	Forstöðumenn frístundaheimila	Aðeins einn forstöðumaður segist nota gátlistann markvisst.
Hvort starfandi séu barnaráð á frístundaheimilum	Spurningavagn, spurningakönnun sem er sendur á forstöðumenn frístundaheimila	Forstöðumenn frístundaheimila	Tveir forstöðumenn segja að ekki sé starfandi barnaráð.

Áskoranir, markmið og aðgerðir

Frístundastarfið – unglingastarf 2025-2026

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Farsæld / Inngilding	Efla menningarnæmi og fjölmenningshæfni starfsfólks.	Halda reglulega fræðslu, tengja við Fjölmennung til framtíðar fræðslu á Torginu. Ráða fjölbreyttari fyrirmyndir í starfshópinn.	Okt. 2025	Maí 2026	Mæla þátttöku starfsfólks í fræðslu.	Allt starfsfólk hafi lokið að minnsta kosti einni fræðslu.
Farsæld / Inngilding	Sjá til þess að öll ungmenni, óháð bakgrunni, hafi jafnan aðgang að starfinu.	Samstarf við Fahim á Austurmiðstöð um stuðning við einstaklinga/hópa sem sækja ekki félagsmiðstöðvastarfið	Okt. 2025	Maí 2026	Greina þátttökuhlutfall fyrir og eftir.	Enginn hópur útilokaður vegna aðstæðna.
Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa	Að efla hópastarfið í frístundamiðstöðinni og prufa nýjar leiðir í skipulagi á því með það að markmiði að efla seiglu og félagsfærni þátttakenda og draga úr depurð	Jaðarhópastarfið hjá Sigyn hefur gengið vel síðastliðin ár. Viljum prufa að ráða tvo starfsmenn inn sem sinna einungis jaðarhópastarfi fyrir alla frístundamiðstöðina. Starfsmennirnir verða með fjóra hópa í senn og forstöðumenn forgangsraða hópum eftir þörf.	Sept. 2025	Des. 2025	Hver hópur, samtals átta hópar, metinn út af fyrir sig með spurningakönnun. Skipulagið í heild sinni metið með stjórnendahópnum.	Jákvæð svör í spurningakönnun (minnst 70% þátttakenda segist hafa gagn af starfinu).

Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa	Aðeins þrjár af tíu félagsmiðstöðvum svara að þær vinni gátlista um heilsueflandi félagsmiðstöðvar.	Deildarstjórar í Reykjavík endurskoða gátlistann í í upphafi árs 26. Forstöðumenn vinna gátlistann og nýta sér niðurstöður fyrir aðgerðaráætlun starfstaðarins 26-27.	Jan. 2026	Maí 2026	Hver hópur vinnur gátlistann	Að fleiri félagsmiðstöðvar vinna gátlistann.
---	---	--	-----------	----------	------------------------------	--

Frístundastarfið – barnasvið 2025-2026

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Læsi	Auka lestur og ýta undir fjölbreyttar leiðir til að vinna með íslensku.	Öll frístundaheimili skoða og meta bókagrunninn sinn út frá fjölbreytni og hafa hann aðgengilegan.	Nóv. 2025	Jan. 2026	Gátlisti barnastarfs unninn sameiginlega um bókakost sem á að vera til og forstöðumenn allra frístundaheimila fylla hann út.	Fjölbreytt úrval bóka sbr. gátlista í boði.
Virk þátttaka og lýðræði	Tvö af tíu frístundaheimilum svara að þar sé ekki barnaráð.	Stofna og setja viðmið fyrir barnaráð á öllum frístundaheimilum.	Nóv. 2025	Feb. 2026	Stjórnendur skoði saman virkni og viðmið barnaráða og miðla hugmyndum um framkvæmd.	Öll frístundaheimili svari í stjórnendavagni að barnaráð sé starfandi.
Fjölbreytt og skemmtilegt	Öll frístundaheimilin noti Frístundalæsi markvisst	Fræðsla fyrir allt starfsfólk til að kveikja neista hjá öllum til að nota Frístundalæsi markvisst.	Nóv. 2025	Maí 2026	Fræðsla haldin og fylgst með niðurstöðum stjórnendavagns.	Aukin virkni almenns starfsfólks í að halda klúbba út frá læsi hvers mánaðar. Öll frístundaheimilin segist nota Frístundalæsi markvisst í stjórnendavagni.



Sköpun	Efla menningarnæmi og fjölmenningarhæfni starfsfólks og hæfni til að vinna með öllum	Í smiðjum og klúbbastarfi verður lögð áhersla á skapandi vinnu í gegnum tónlist, leiklist, sjónlist, kvikmyndalist, hönnun. Fá fræðslu fyrir starfsfólk og aðstoð við að koma smiðjum og klúbbum í gang.	Nóv. 2025	Maí 2026	Fjölbreytni smiðja metin út frá dagskrá.	Klúbbar stofnaðir og smiðjur haldnar.
Jöfnuður Inngilding	Efla menningarnæmi og fjölmenningarhæfni starfsfólks og hæfni til vinnu með öllum	Fjölmenning til framtíðar fræðslan haust 2025 (Torgið). Fræðsla frá MML fyrir allt starfsfólk. 100% starfsfólk fer í fræðsluferð um jafnrétti, fjölbreytileika og inngildingu til Hollands. Fræðslan „Nýr í frístundastarfi“ haldin fyrir hlutastarfsfólk í vetrarleyfi. Dagbjört og brúarsmiðir hitta hópinn	Okt. 2025	Feb. 2026	Spurningakönnun lögð fyrir allt starfsfólk SFS á vorönn 2026 þar sem meta á m.a. hæfni fólks í að vinna með fjölmenningalegum barnahópi.	Frístundaheimili Brúarinnar komi vel út í spurningakönnuninni á þessum þáttum.
Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa	Efla alhliða kyn- og kynjafræðslu	Fá fræðsluna Forréttindi og mismunun hjá Jafnréttisskólanum. Skoða og nýta aldursviðeigandi fræðslupakka fyrir yngsta stig í Viku6.	Jan. 2026	Feb. 2026	Allt starfsfólk frístundaheimilanna sækir fræðsluna og vinnur verkefni með börnunum í framhaldi af henni.	Að börn hafi fengið tækifæri til að vinna verkefni um forréttindi og mismunun sem og aldursviðeigandi verkefni í Viku6.



Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa	Aðeins eitt af tíu frístundaheimilum svara að það vinni markvisst með gátlista um heilsueflandi frístundaheimili.	Stjórnendur vinna gátlistann í samstarfi við starfsfólk og nýta niðurstöður fyrir aðgerðaráætlun starfsstaðarins 2026-2027.	Jan. 26	Maí 26	Hver hópur vinnur gátlistann og setur markmið fyrir heimilið út frá niðurstöðunum.	Að fleiri frístundaheimili svari í spurningavagni að þau vinni markvisst með gátlistann.
---	---	---	---------	--------	--	--

Frístundamiðstöðin í heild 2025-2026

Þættir	Áskoranir/markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Fagmennska	Tryggja að allir starfsstaðir fylgi lögum og reglugerðum um vinnuvernd.	Öryggisnefnd Brúarinnar fylgi eftir að áhættumat fari fram á öllum starfsstöðum frístundamiðstöðvarinnar.	Öryggisnefnd	Okt. 2025	Maí 2026	Fjármálastjóri kallar eftir áhættumati frá starfsstöðum.	Allir starfsstaðir hafi framkvæmt áhættumat.
Verklag	Vinnulag og verkferlar varðandi rekstur verði aðgengilegri og einfaldari.	Einfalda og uppfæra handbók um rekstur.	Fjármála stjóri	Nóv. 2025	Feb. 2026	Fjármálastjóri fer inn á fundi forstöðumanna í maí og fær upplýsingar um nýtingu og gagnsemi handbókarinnar.	Allir forstöðumenn nýti handbókina ef þeir eru öruggir með verklag og þeir sem nýta hana telji hana gagnlega.
Verklag	Aukin krafa frá fjármálaþjónustu um meiri aðkomu frístundamiðstöðvarinnar	Setja upp skjal sem einfaldar áætlun á öðrum rekstrarkostnaði fyrir árið 2027.	Fjármála stjóri	Des. 2025	Apríl 2026	Skoðun fjármálastjóra Brúarinnar, fjármálastjóra SFS og skrifstofustjóra	Áætlun á öðrum rekstrarkostnaði fyrir árið 2027 verði nákvæmari heldur en hún hefur áður verið og að raunútkoma verði í samræmi við áætlun.



	að áætlun á öðrum rekstrarkostnaði og nákvæmari áætlanavinnu.					frístundamála á uppgjörsfundum.	
	Bregðast við ákalli stjórnenda og starfsfólks á vettvangi um ráðleggingar varðandi líkamsbeitingu í starfsumhverfinu.	Þjóða upp á heimsókn frá sérfræðingi/sjúkraþjálfara til allra starfsstaða Brúarinnar í kjölfar öryggisviku.	Fjármála stjórn	Nóv. 2025	Jan. 2026	Fjármálastjóri heldur utan um og skipuleggur heimsóknir sérfræðings.	Allir starfsstaðir Brúarinnar hafi fengið sérfræðing til ráðgjafar og gert áætlun um úrbætur.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá [Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030](#) og [Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027](#).

Þau þróunarverkefni sem Brúin tekur þátt í starfsárið 2025-2026 og fengu styrk úr B-hluta sjóði Þróunar- og nýsköpunarsjóði Menntastefnu Reykjavíkur til 2030:

- Þátttaka í Heillasporaverkefninu með Rimaskóla. Grunnskólarnir í verkefninu fengu B-hluta styrk til að setja af stað lærdómssamfélag um verkefnið. Frístundastarfið er ekki með í styrknum, en frístundaheimilið Tígrisbær og félagsmiðstöðin Sigyn taka þátt í Heillasporaverkefninu.
- Skjól í stormi. Samstarfsverkefni frístundamiðstöðvanna Tjarnarinnar, Brúarinnar, Kringlumýrar og Miðbergs ásamt Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, fagskrifstofu frístundamála og Samtakanna 78. Verkefnið snýr að vinnu með 13-16 ára trans börnum en rannsóknir síðustu ára hafa ítrekað sýnt fram á að ungir trans einstaklingar eru í miklum áhættuhópi fyrir ýmsa sálræna kvilla og fylgifiska. Markmið verkefnisins er að nýta kraft, þekkingu og færni innan félagsmiðstöðva til að hlúa að þessum hópi ungmenna, byggja hann upp og styrkja til frambúðar til að takast á við og standa af sér þann storm sem skekur samfélagið bæði á Íslandi og um heim allan og þær áskoranir sem fylgja auknum fordómum gagnvart þessum hópi fólks.
- Hverfið okkar í nærmynd. Samstarfsverkefni Borgaskóla, Engjaskóla, Víkurskóla, félagsmiðstöðvarinnar Vígyn, Mixtúru og HÍ. Markmið verkefnisins er að efla tengsl milli nemenda Borgaskóla, Engjaskóla og Víkurskóla í samstarfi við félagsmiðstöðina Vígyn í Grafarvogi með því að virkja þá til að skoða og kynna samfélagið sitt. Það verður gert með því að nemendur taka þátt í að framleiða kynningarefni með kvikmyndaupptökum og hlaðvarpi um ýmsa þætti sem einkenna Grafarvog, svo sem náttúru, sögu, menningu og íbúa.

Verkefni úr almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027 og ákveðið hefur verið að frístundastarfið einbeiti sér að:



Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva komu sér saman um að leggja áherslu á að auka fræðslu og símenntun um menningarnæmi og fjölmenningu og að stuðla að meiri fjölbreytni í fyrirmyndum í starfsmannahópnum. Fræðslan Fjölmennning til framtíðar fer fram á öllum frístundamiðstöðvum haustið 2025 og starfsstaðir hvattir til að leita til MML og MEMM eftir fræðslu á þessu sviði. Lögð verði áhersla á skapandi vinnu í gegnum tónlist leiklist, sjónlist, kvikmyndalist og hönnun. Þá verði sérstaklega horft til þess að nota leiki sem námsleið. Foreldrasamstarfið verði eft og verkefni í átt við „Foreldrahermirinn“ fari fram í öllum félagsmiðstöðvum. Hlúð verði að óformlegum samskiptum og stuðlað að betri tengslamyndun meðal barna og unglunga. Sérstök áhersla verði lögð á starf fyrir 10-12 ára hópinn. Kyn- og kynjafræðsluverkefni Jafnréttisskólans verði innleidd. Þá verði lögð áhersla á aukinn sýnileika bókakosts og samstarf við bókasöfn. Leitað verði leiða til að auka samstarf skóla- og frístundastarfs um áhugasviðsverkefni og frístundalæsi markvisst nýtt til að styrkja læsispróun barna í gegnum leik og skapandi starf. Þá verður lögð áhersla á fræðslu um stafræna borgaravitund, fræðslu til að efla stafræna hæfni starfsfólks þar sem ráðgjöf og búnaður verði fengin frá Mixtúru.

Samstarf

Gott samstarf er milli starfsstaða Brúarinnar við leik- og grunnskólanna í borgarhlutanum. Samstarf frístundaheimilanna við leikskólana hefur aukist undanfarin ár og nú er svo komið að allir leikskólar eru með sérstaka aðlögun elstu barnanna á leikskólanum inn í frístundaheimilin. Lágmarksviðmið hafa verið sett fram og skýrt verklag er til staðar sem fjallar um hlutverk frístundaheimilis og leikskóla í samstarfinu.

Forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva eru í samskiptum við stjórnendur og starfsfólk grunnskólanna, bæði formlega og óformlega. Forstöðumenn hafa einnig tengiliði innan skólans varðandi samstarf um einstaka nemendur eða hópa.

Úti í grunnskólum hverfanna taka forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva þátt í lausnateymisfundum þar sem farið er yfir mál barna og unglunga. Settar eru upp áætlanir um hvernig vinna á með mál þeirra í samráði við forsjáraðila. Það er gert með því að leita í viðeigandi úrræði innan skóla- og frístundastarfs, verkfærakistu og/eða fá aðstoð hjá deildarstjóra stoðþjónustu/sérkennslustjóra. Áætlunin er svo endurskoðuð eftir þörfum og mat lagt á árangur í samráði við forsjáraðila.

Heilt yfir má segja að samstarf fagaðila sem vinna með börn og unglunga í borgarhlutanum sé afar gott. Hins vegar er áhyggjuefni hversu mikið álag er á starfsfólk sem sinnir sértækum úrræðum og finna þarf lausnir til að létta á því álagi.

Gott samstarf er milli starfsmanna og stjórnenda frístundamiðstöðva og við fagskrifstofu skóla- og frístundastarfs á Höfðatorgi. Reglulegir fundir tryggja þetta samstarf og samtal milli aðila. Með tilkomu fagstjóra leik- og grunnskóla út í miðstöðvarnar hefur samtal og samstarf þessara eininga aukist enn frekar og mun áfram þróast á komandi árum.



Jafnréttisáætlun

Frístundamiðstöðvar Reykjavíkur starfa út frá [Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttis- og mannréttindamálum 2023-2026](#). Áætlunin byggir á lögum um jafnan rétt kynjanna, 13. grein laga um stjórnýslu jafnréttismála og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þær aðgerðir sem eru á ábyrgð SFS og tengjast frístundastarfinu í aðgerðaráætlun borgarinnar eru útlistaðar hér fyrir neðan.

Þar ber hæst að setja inn að það sé tryggt á starfsstaðnum að það verði enginn starfsmaður fyrir kynferðislegu áreiti né ofbeldi. Einnig að allir starfsmenn sitji [netnámskeið Barnahúss um einkenni kynferðisofbeldis og viðbrögð](#). Starfið sé fyrir börn af öllum kynjum og aðgengilegt öllum. Setja jafnvel inn fræðsluáætlun til þriggja ára. Jafnvel gera það sameiginlega fyrir allar frístundamiðstöðvarnar. Margt gagnlegt á vefnum [stoppofbeldi.namsefni.is](#)

Aðgerð	Útfærsla frístundamiðstöðvar	Ábyrgð
Tryggja að allt starfsfólk SFS sé upplýst um verkfærakistu um kynjajafnréttis- og hinseginfræðslu fyrir öll skólastig auk verkfærakistu menntastefnu. Sjá hér: https://reykjavik.is/unglingastig-verkfaerakista	Verkfærakistan kynnt á fundi forstöðumanna félagsmiðstöðva Brúarinnar.	Deildarstjóri unglingastarfs
Tryggja að stjórnendur viti af fræðslu um málefni hinsegin fólks og skilji mikilvægi hennar fyrir börn og unglinga.	Allir starfsstaðir Brúarinnar hafa hlotið Regnbogavottun.	Framkvæmdastjóri og deildarstjórar barna- og unglingastarfs
Ávarpa þátttöku allra félagsmiðstöðva í Viku6 í starfsáætlunum/aðgerðaráætlunum	Viðburður hjá félagsmiðstöðvum í Viku6.	Deildarstjóri unglingastarfs
Tryggja fræðslu frá forvarnarteymum grunnskóla í öllum árgöngum og fyrir allt starfsfólk gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Sjá netnámskeið Barnahúss um einkenni kynferðisofbeldis og viðbrögð .	Stjórnendur í Brúnni fá netnámskeið Barnahúss.	Framkvæmdastjóri og deildarstjórar barna- og unglingastarfs
Tryggja þekkingu stjórnenda og starfsfólks um rétt barna til að skilgreina kyn sitt og að þau njóti viðurkenningar á sínu kyni (kynvitund), m.a. með skýru verklagi og fræðslu.	Starfsstaðir Brúarinnar eru Regnbogavottaðir.	Framkvæmdastjóri Deildarstjórar barna- og unglingastarfs



